

Alþingi
Erindi nr. P 139/953
komudagur 13.12.2010

Nefndasvið skrifstofu Alþingis
b/t Viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 13.12.2010

0911007LA ÓG
Málalykill:712

Efni: Svar við fyrirspurn vegna tillögu um eftirlitsgjald FME.

219. mál

Lánasjóður sveitarfélaga hefur lagt til svohljóðandi breytingartillögu við 2. gr. frumvarps til breytingar á lögum um kostnaði við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 99/1999:

12. *Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skal greiða 0,00837% af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.*

Sú prósentutala sem lögð er til er fengin með því að taka þá hlutfallstölu sem gjaldtaka á lánasjóðinn árið 2009 byggði á og margfalda með hækkun samsvarandi hlutfallstölu Íbúðalánasjóðs á sama tímabili.

Árið 2009 greiddi lánasjóðurinn 0,00686% af eignum.

Árið 2009 greiddi Íbúðalánasjóður 0,0032% af eignum.

Lagt er til í frv. að Íbúðalánasjóður greið 0,0039% af eignum á næsta ári.

Hækkun á gjaldtöku Íbúðalánasjóðs frá 2009 er því tæp 22%.

Tillaga lánasjóðsins gengur út á að gjaldtaka af lánasjóðnum hækki jafn mikið og gjaldtaka af Íbúðalánasjóði og verði:

0,00686% * 1,22 = 0,00837%.

Virðingarfyllt
LÁNASJÓÐUR SVEITARFÉLAGA

Óttar Guðjónsson